

Eftirlit með rafrænum kosningum Hverfið mitt 2022-2023

Innri endurskoðun og ráðgjöf

9.11.2023

IER23080015

Meginþættir

- Effirlit með kosningum
- Effirfylgni ábendinga
- Þátttökulýðræði
- Viðbrögð stjórnenda



Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar

Hverfið mitt er samráðsverkefni íbúa og stjórnslu Reykjavíkurborgar um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærrí nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum borgarinnar. Verkefnið byggir á X. kafla sveitarstjórnarlaga um samráð við íbúa. Þar segir í 2.fl. 2. mgr. 102. gr. að áhrif íbúa megi tryggja með samráði við íbúa, svo sem á borgarafundum eða íbúáþingum og í íbúakosningum.

Með samráðsverkefninu *Hverfið mitt* er ráðist í rafræna íbúakosningu meðal borgarbúa um verkefnahugmyndir sem íbúaráð borgarinnar hafa stillt upp. Verkefnið byggir á hugmyndum um umræðu- og þátttökulýðræði.

Í 15. grein reglna um rafrænar kosningar um „*Hverfið mitt 2022-2023*“ kemur fram að „*Innri endurskoðun [og ráðgjöf] Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með því að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar*“.

Í þessu yfirliti eru samandregnar niðurstöður eftirlits Innri endurskoðunar og ráðgjafar með framkvæmd kosninganna og effirfylgni með ábendingum sem settar voru fram eftir kosningarnar 2021.

NIÐURSTÖÐUR

Rafrænar kosningar á árinu 2023 hófust kl. 00:01 þann 14. september 2023 og stóðu til kl. 12:00 þann 28. september 2023. Kosningaþátttaka var 12% í ár en 16,37% borgarbúa kusu árið 2021. Það þýðir að 14.256 borgarbúar nýttu rétt sinn til að kjósa en á kjörskrá voru rúmlega 119 þúsund íbúar. Alls hlutu 62 verkefni kosningu og verða framkvæmd.

Innri endurskoðun og ráðgjöf staðfestir að skráðum ferlum hafi verið fylgt í meginráttum og metur greind frávik ekki þess eðlis að þau hafi áhrif á öryggi og niðurstöður kosninganna. Innri endurskoðun staðfestir að birtar niðurstöður hafi verið í samræmi við talningu atkvæða í kosningunum.

EFTIRFYLGNI ÁBENDINGA FRÁ 2019

Innri endurskoðun gaf út eina ábendingu í minnisblaði dagsettu 19. desember 2019 um niðurstöður eftirlits með rafrænum kosningunum árið 2019 og var ábendingin ítrekuð í niðurstöðum eftirlits með rafrænum kosningum árið 2021. Innri endurskoðun hefur farið yfir viðbrögð stjórnenda og er ábendingu lokað.

